

## Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 4. október 2021 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Ásgrímur Angantýsson, Svanhildur Sverrisdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Eva María Jónsdóttir boðaði forföll. Anna Sigríður Þráinsdóttir mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Kynhlutlaust mál, skýrsla

Sjá fg. stj. ÍM 1/2021. Skýrsla um kynhlutlausu málnotkun og kosti og ókosti þess að stjórnvöld beiti sér fyrir henni var afgreidd af hálfu stjórnar Íslenskrar málnefndar. Skýrslan er birt á síðunni [islenskan.is](http://islenskan.is).

### 2. Kynning málstefnu, umræður

Sjá fg. stj. ÍM 6/2021. Íslensk málstefna 2021–2030 hefur verið birt á síðunni [islenskan.is](http://islenskan.is). Rætt var um kynningu á málstefnunni.

### 3. Fundur fullskipaðrar málnefndar í nóvember

Staðfundur verður haldinn í fullskipaðri málnefnd 17. nóvember, kl. 15. Fundurinn verður haldinn í húsakynnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sölvhóldsgötu 4.

### 4. Önnur mál

#### a. Samtal um málstefnur o.fl.

Erindi barst 4. október frá Dröfn Rafnsdóttur, frá [Miðju máls og læsis](#), þekkingarteymis á vegum Reykjavíkurborgar, um að fá fund með fulltrúa málnefndarinnar til að ræða málstefnu starfsstaða borgarinnar.

#### b. Ábending frá Kjartani Ragnars

Kjartan Ragnars hafði samband 15. september sl. og benti á fyrirhugaða breytingu á reglugerð nr. 850/2020, um umsóknir og skráningu vörumerkja, félagamerkja og ábyrgðar- og gæðamerkja sem varðaði stöðu íslenskrar tungu, sbr. lög nr. 61/2011. Formanni og ritara falið að semja bréf til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis.

#### c. Málræktarþing 2021

Málræktarþingið, sem haldið var 30. september, var vel sótt. Þinginu var einnig streymt og hægt er að horfa á streymið á síðunni [islenskan.is](http://islenskan.is). Á málræktarþinginu fengu eftirtaldir aðilar viðurkenningu: Ólöf Ása Benediktsdóttur fyrir frumkvöðlastarf í íslenskukennslu, Sævar H. Bragason fyrir frumkvöðlastarf í fræðslu í náttúruvísindum á íslensku og Retor Fræðsla (Aneta M. Matuszewska, Hjalti Ómarsson og Beata Líf Czajkowska) fyrir frumkvæði í íslenskukennslu fullorðinna innflytjenda.

#### d. Norræn tungumálayfirlýsing

Fjarfundur um norrænu tungumálayfirlýsinguna var haldinn 16. september. Hægt er að hlusta á upptöku af fundinum [hér](#).

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:35.

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.